

STARFSLEYFI

fyrir skipulagða afþreyingarstarfsemi 3H Travel ehf.

kt. 600212-0790
Þríhnúkar í Bláfjöllum, Kópavogi

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfið gildir frá X.XXX 2025 til X.XXX 2029

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir, hverju sinni, sé fylgt og samkvæmt kafla II. um mengunarvarnir og öryggisreglur á verndarsvæðum, C. Fjarsvæði, í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015.

Gildissvið

Leyfið tekur til aðstöðu til móttöku á hópum ferðamanna í skipulögðum ferðum til hellisskoðunar á tímabilinu frá 15. maí til 15. október ár hvert sbr. lið 40 í viðauka við reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla í reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024, um skyldur rekstraraðila,
- reglugerð um hollustuhætti sem varða matvæli nr. 103/2010 (ESB nr. 852/2004),
- III. kafla reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um að draga skuli úr myndun úrgangs, meðhöndlun og geymslu og flutnings til förgunar.

Sértækar kröfur vegna salernismála

- Í aðstöðunni við Þríhnúka skal vera aðgengileg snyrtiaðstaða með handlaugum fyrir gesti og starfsmenn. Umbúnaður um afrennsli frá snyrtiaðstöðu skal uppfylla kröfur sem fram koma í gr. 13.5 í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 eða jafngildi þeirra.
- Úrgangur frá salernisaðstöðu skal fluttur í viðurkennda förgun.

Sértækar kröfur vegna öryggis - Innra eftirlit

- Leyfishafi skal tryggja að allur búnaður, þ.m.t. kranabóma, er tengist aðgengi að Þríhnúkahelli hafi fengið tilskyldar úttektir og vottanir.
- Rekstraraðili skal útbúa áhættumat þar sem tilgreindir eru áhættuþættir, fyrirbyggjandi aðgerðir og mikilvægir eftirlitsstaðir. Grípa skal til viðeigandi aðgerða í samræmi við niðurstöður áhættumatsins til þess að draga úr eða koma í veg fyrir aðstæður sem geta ógnað öryggi gesta og starfsmanna.
- Skilgreina skal viðeigandi þjálfun starfsfólks og tryggja að starfsfólk fái hana. Halda skal þjálfunarskrá starfsfólks.
- Skrá skal óhöpp, slys og úrbætur, frávik varðandi öryggisþætti og viðhald tækja og búnaðar.
- Til staðar skal vera skrifleg viðbragðsáætlun til að bregðast við slysum.
- Viðskiptavinir skulu nota nauðsynlegan öryggisbúnað.

Sértækar kröfur vegna mengunarvarna

- Vegna reksturs varaafllstöðvar við Þríhnúka skulu olíubirgðir á hverjum tíma vera að hámarki 60 lítrar.
- Til staðar skal vera skrifleg viðbragðsáætlun við mengunaróhöppum.
- Til staðar skal vega skriflegt verklag vegna áfyllinga á varaafllstöð.
- Til staðar skal vera skriflegt verklag fyrir flutninga á olíu.



- Til staðar skal vera viðeigandi búnaður til þess að bregðast við bráðamengunaróhöppum við meðhöndun á olíu, þ.m.t. olíuáyllingu og olíuflutning.
- Til staðar skal vera skriflegt verklag fyrir árlega viðhalds- og lekaskoðun á varaafstöð. Niðurstöður skoðana og viðhald skal vera skráð.
- Spennar vegna raforkuflutnings skulu vera olíufrír.

Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 og reglugerðar nr. 903/2024. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Kópavogur, X. XX 2025

